

16.nóvember 2023.

Góðan daginn.

Íbúar Árneshrepps fengu áfall í sumar þegar ljóst varð að í væntanlegri nýrri samgönguáætlun væri ekki lengur gert ráð fyrir veginum yfir Veiðileysuháls. Að honum hefði verið vikið út eina ferðina enn og því væri ekki fyrirhugað að byrja á honum á næsta ári eins og núgildandi samgönguáætlun gerir þó ráð fyrir. Sjaldan hafa vonbrigðin verið meiri, við gerðum svo sannarlega ráð fyrir að framkvæmdir yrðu ekki slegnar af eina ferðina enn nú þegar segja má að við séum stödd korteri fyrir framkvæmdir. Við íbúar höfum aldrei áður verið komin svo nálægt þessu stóra framfaramáli að okkur datt ekki í hug að þessi staða myndi koma upp eina ferðina enn. Umsögn sem við sendum inn í Samráðsgáttina þ.14.07.23 fylgir hér með í viðhengi.

Við glöddumst hins vegar mjög þegar við fréttum að búið væri að leggja fram þingsályktunartillögu flestra þingmanna NV-kjördæmis varðandi heilsársveg í Árneshrepp. Hreppsnefnd lýsti yfir mikilli ánægju með þá ályktun og sendi inn umsögn í Samráðsgáttina varðandi það mál þ. 29.09.23.

Við vonum að þetta mál snúist okkur í nyrsta byggða bóli á Ströndum, í vil, í höndum ykkar í Umhverfis- og samgöngunefnd.

Virðingarfyllt og fyrir hönd hreppsnefndar og íbúa í Árneshreppi,

Eva S.

Eva Sigurbjörnsdóttir

oddviti Árneshrepps

sími skrifstofa 451-4001

GSM 847-2819

